

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu, um bæjarfulltrúakosningu.* — Verzlunarþjónn í Ísafjardarkaupstað, sem var til húsa hjá hlutaðeigandi verzlunarstjóra, og hafði hjá honum fæði og þjónustu, hafði verið kosinn bæjarfulltrúi, og var kosning þessi álitin gild samkvæmt 3.—4. gr. reglugjörðar frá 26. jan. 1866, með því að hinn kosni bæjarfulltrúi gæti ei talizt öðrum háður sem hjú, þó hann væri verzlunarþjónn. 14
15. febr.

— *Brjef landshöfðingja til landsyfir dómsins, um dómasafn.* — Í brjefi 22. þ. m. hefir hinn heiðraði landsyfirrjettur út af beiðni secretairs J. Jónssonar, sem hingað hefir verið send, um styrk af landssjóði til að halda áfram dómasafni því, er hann hefir gefið út fyrir árin 1873 og 1874, látið það álit í ljósi, að það að vísu sje mjög æskilegt, að helztu dómar, sem landsyfirrjetturinn upp kveður, og hæstarjettardómar í íslenskum málum verði almenningi kunnir, en að engin sjerleg þörf þó virðist á að gefa út þvílíkt dómasafn út af fyrir sig, þar allir slíkir dómar sjeu teknir í blöðin, og því næst getið þess, að skyldi slíkt dómasafn álitast nauðsynlegt eða æskilegt, og styrkur til að gefa það út verða veittur af landssjóði, eigi það bezt við, að yfir dómurinn annist sjálfur um að gefa út þvílíkt safn. 15
18. febr.

Út af þessu leiði jeg ekki hjá mjer þjónustusamlega að gefa það til vitundar, að jeg, eins og hinn heiðraði rjettur, álit það mjög æskilegt, að umgetnir dómar verði almenningi kunnir, en að mjer virðist ekki viðkunnanlegur birtingarháttur sá, sem hefir að undanfögnu átt sjer stað, sumpart í bladinu «Þjóðólfi», sumpart í «Ísafold», þar sem að eins útdráttur er gefinn af flestum dómunum, og þar að auki er engin vissa, hvorki fyrir að útdrættirnir sjeu rjettir, nje að allir dómar verði á þenna hátt auglýstir, og getur slíkur birtingarháttur ekki tekið fyrir það, að sjerstakt dómasafn sje æskilegt. Jeg er þess vegna fús á að leggja til af sje því, sem veitt er með fjárlögunum frá 15. okt. f. á. 15. gr., hæfilegan styrk til að gefa út sjerstakt dómasafn, og með því að jeg er hinum heiðraða yfirrjetti samdóma um, að það væri æskilegt, að þvílíkt safn yrði út gefið að tilhlutun rjettarins sjálfs, eða einhvers af dómurum hans, og jeg dirfist að skilja nefnt brjef af 22. f. m. sem tilboð um þetta, skal jeg biðja mjer þóknanlegrar uppástungu um, hversu mikill styrkur sá ætti að vera, sem með virðist þurfa til að gefa út þetta dómasafn.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu, um verðlaun fyrir jardaþætur.* — Samkvæmt tillögum amtmanns var þeim 148 kr., sem samkvæmt dómsmálastjórnarbrjefi frá 26. febrúar 1870 og 6. gr. E. 8 fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 1875 voru ætlaðar til eflingar garðaræktinni í vesturumdæminu, út býtt í verðlaun til neðan nefndra manna, sem sýnt hafa dugnað í landbúnaði, einkum í þúfnasljettun og túngarðahleðslu 16
2. marz.

bóndans Indriða Gíslasonar á Hvoli í Dalasýslu 50 kr.

— Kára Konráðssonar í Hraunfirði í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu 48 —

hreppestjóra Björns Gíslasonar á Brúarhrauni 50 —

— *Skýrsla amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu, um árangurinn af ráðstöfunum til útrýmingar fjárkláðanum.* — Síðan jeg í brjefi dag- 17
16. marz